**hnitarpunktar lóðar**

| | x-ás | y-ás | landhæð |
|---|---|---|---|
| G02 | 401455.3 | 403103.0 | 90.54 |
| G03 | 401421.4 | 403030.5 | 89.20 |
| V04 | 401348.5 | 403153.1 | 85.10 |
| V05 | 401342.1 | 403116.5 | 89.80 |
| V06 | 401325.3 | 403090.4 | 87.86 |
| V07 | 401325.6 | 403075.4 | 86.40 |

**hnitarpunktar húsa**

**mælingar og staðsetning prika (breyting)**

| | x-ás | y-ás | gólfkóti |
|---|---|---|---|
| S01 | 401392.4 | 403110.4 | 91.90 |
| S02 | 401383.2 | 403114.7 | 91.90 |
| S03 | 401381.2 | 403110.4 | 91.90 |
| S04 | 401390.4 | 403106.1 | 91.90 |
| S05 | 401388.9 | 403102.6 | 91.90 |
| S06 | 401374.9 | 403094.0 | 91.60 |
| S07 | 401378.1 | 403088.9 | 91.60 |
| S08 | 401392.0 | 403097.5 | 91.90 |




afstöðumynd - 1: 500

SAMÞYKKT
03 AUG. 2011
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.

# Stapi 4 byggingarlýsing

**Almennt**

Þjóðskrárnúmer, staðgreinir: 28300040
Landnúmer: 203839
Lóðarstærð: 8909,0 m²

**Lóð**

Lóðin Stapi 4 nær yfir syðsta og fremsta hluta Stapans, sem frístundahúsasvæðið Stapabyggð er nefnt eftir. Lóðin er gróin lyngi, mosa og lágum kjarrgróðri og hafa eigendur plantað rúmlega 1000 birkiplöntum, auk reynitrjá og víðis, á lóðirnar Stapi 4 og 6 síðastliðin fimm ár, eða frá því að deiliskipulag var samþykkt. Byggingarreitur fyrir Stapa 4 nær nokkuð inn í Stapann, en einnig yfir mýrlendi með sýnilegri tjörn í votviðri. Til að nýta suðurlóð sem best er bústaðurinn staðsettur í norðvestur horni byggingarreits. Þar er einnig styst niður á fastan botn. Byggingin er í tveimur húshlutum, sem tengdir eru með tengigangi og skyggni og myndar hún þannig eina heild umhverfis miðlægan sólpall, sem norðurhlutinn skýlir frá nálægu húsi. Byggingin þarf að brúa nokkurn hæðarmismun og verður uppgröftur notaður til að fylla að húsi, í framhaldi núverandi hæðardrags meðfram suðurhlið. Núverandi gróður á byggingarsvæði verður endurlagður á uppfyllinguna. Landslag umhverfis hús verður mótað þannig að húsið falli sem best að landi og að umhverfi sínu. Grasþak verður sett á báða húshluta. Mikil áhersla er lögð á að náttúrulegt umhverfi haldist eins og kostur er. Þar sem nauðsynlegt er að hreyfa við landi vegna framkvæmda er gróður endurnotaður eftir föngum. Var það gert við lagningu heimreiðar, en gróður úr henni er nýttur við kanta, yfir rotþró og siturlagnir og til uppgræðslu rofasvæða. Íslenskar trjátegundir verða valdar til skjólmyndunar og til að afmarka lóðir á lóðarmörkum. Aðkomuleið og bílastæði upp við hús eru malarlögð og verönd og pallar úr timbri.

Reiknað er með að í framtíðinni verði heitum potti komið fyrir. Skal hann þá útbúinn læsanlegu loki og fullnægja 69. grein byggingarreglugerðar.

Uppmæling lóðar og útsetning mælipunkta var gerð af Verkfræðistofu Suðurlands. Dýptarmælingar á lóð voru gerðar með kóbrabor af Vinnustofunni Þverá.


**Vinnustofan Þverá ehf**
Skólavörðustíg 12 • 101 Reykjavík • sími 5514060 • fax 5614060 • arkverk.is


**Stapi 4, sumarhús við Úlfljótsvatn**
Grímsnes- og Grafningshreppi

teikning: afstöðumynd
hannað: VB — verknr.: 1.146
teiknað: ML, RR — kvarði: 1:500 (A2)
breytt: 28. júní 2011 — dags.: 06. júní 2011
yfirfarið: Valdís Bjarnadóttir arkitekt FAÍ, FSSA
tölvuskrá: Stapi 4 sumarhús adalteikningar.mcd — blaðnr.: **1.01**

0 5 10 15 20 25 30 m